

# GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Vesturbyggð.

## 1. gr.

Af hundum og köttum í Vesturbyggð utan lögbýla skal innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjaldskránni er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Vesturbyggð nr. 635/2012 og samþykktar um kattahald og gæludýarahald annað en hundahald í Vesturbyggð á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis nr. 81/2018.

## 2. gr.

Við leyfisveitingu hunda og katta skal innheimta gjald sem hér segir og er það jafnframt árgjald það árið:

|                                                |            |
|------------------------------------------------|------------|
| Fyrsta leyfisveiting fyrir hund                | 20.917 kr. |
| Fyrsta leyfisveiting fyrir kött                | 5.543kr.   |
| Leyfisveiting fyrir hund eftir útrunninn frest | 27.301kr.  |
| Bráðabirgðaleyfi fyrir hund                    | 7.405kr.   |

## 3. gr.

Af leyfðum hundum og köttum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:

|             |           |
|-------------|-----------|
| Einn hundur | 16.949kr. |
| Einn köttur | 7.931kr.  |

## 4. gr.

Greiðslur vegna trygginga og árleg hundahreinsun eru innifaldar í leyfisgjaldi.

## 5. gr.

Við afhendingu handsamaða hunda og katta skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

|                                  |           |
|----------------------------------|-----------|
| Fyrsta afhending hunds           | 18.833kr. |
| Önnur afhending hunds            | 37.665kr. |
| Þriðja afhending hunds           | 37.665kr. |
| Fyrsta afhending hunds án leyfis | 43.984kr. |
| Handsömun á ketti                | 7.931kr.  |

Óheimilt er að afhenda hunda og ketti án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferða.

## 6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga skv. lögum um vexti og verðtryggingar nr. 38/2001.

## 7. gr.

Undanþegnir leyfisgjaldi eru leitarhundar björgunarsveita og hjálparhundar fatlaðra og skal ljósrit af viðurkenningu um þjálfun þeirra afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

## 8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Vesturbyggðar á 18. fundi þann 11. desember 2025, er sett samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, samþykkt um hundahald í Vesturbyggð nr. 635/2012 og samþykktar um kattahald og gæludýarahald annað en hundahald í Vesturbyggð á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis nr. 81/2018. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2026 og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Vesturbyggð nr. 1735/2024.

*Vesturbyggð, 11. desember 2025*

**Gerður Björk Sveinsdóttir**, bæjarstjóri.